



Nefndasvið Alþingis
við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03.03.2017
Tilvísun: 201702-0005

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um upptöku samræmdrar vísitölu neysluverðs.

Alþingi hefur óskað eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um 58. mál, *Upptöku samræmdrar vísitölu neysluverðs*. Lagt er til að skipaður verði sérfræðingahópur sem ætlað er að leggja mat á kosti og galla þess að breyta útreikningi verðbólgu þannig að hann byggji á aðferðarfræði samræmdrar vísitölu neysluverðs sem jafnframt hefði þau áhrif að verðtryggðar skuldbindingar myndu taka mið af samræmdri vísitölu í stað vísitölu neysluverðs.

Svipuð umræða varð tilefni til umfjöllunar á 42. þingi ASÍ. Þar ályktaði þingið að „*vísitala neysluverðs til verðtryggingar skv. lögum um vexti og verðtryggingu verði hér eftir reiknuð án húsnæðisliðar*“. Mikilvægt er að áréttu að afstaða Alþýðusambandsins snýr að því hvaða vísitölu lántaki hafi val um að liggja til grundvallar verðtryggingu lánasamninga. Það er ekki skoðun ASÍ að vísitala neysluverðs sé með einhverju móti rangt reiknuð né að breyta þurfi þeirri verðbólguælingu sem liggur til grundvallar verðbólguþætti Seðlabanka Íslands.

Umræða um áhrif hækkunar húsnæðisverðs á verðbólgu og þ.a.l. höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána er ekki ný af nálinni. Hún er eðlileg í ljósi viðvarandi raunhækkunar húsnæðisverðs undanfarinna ára og var einnig hávær á árunum fyrir hrun. Hækkun húsnæðisverðs kemur fram í verðbólgu í gegnum mat Hagstofunnar á *reiknaðri húsaleigu* sem mælir kostnað við eigið húsnæði en þann lið undanskilur samræmda vísitalan. Líkt og bent er á í umsögn Hagstofunnar er þó stefnt að upptöku húsnæðisliðar í samræmdu vísitölunni innan skamms, þannig að munur á henni og vísitölu neysluverðs verður hverfandi.

Líkt og kemur fram í ályktun þings ASÍ, tekur Alþýðusambandið undir það að skoða þurfi kosti og galla þess að lántaki hafi val um hvaða vísitala liggja til grundvallar verðtryggðum skuldbindingum, hvort sem það sé VNV, SNV eða VNV án húsnæðis.

f.h. ASÍ
Róbert Farestveit
Hagfræðingur